

Samstarfsráð um forvarnir stofnað

Saga bindindishreyfingarinnar á Íslandi spannar meira en heila öld. Elstu samtökin voru stofnuð árið 1884 og önnur samtök á þessum meði um miðja síðustu öld. Innan vébanda þessara samtaka er samankomin mikil reynsla í lýðræðislegu og fjölbreyttu félagsstarfi, fræðslu og forvarnastarfi og þekking í áfengis- og vímuefnamálum. Um árabil höfðu bindindissamtökin með sér samstarf á vettvangi sem kallaður var Samvinnunefnd bindindismanna. Sá vettvangur lognaðist útaf fyrir nokkrum árum og hafði áhrif á samstarf þessara samtaka.

Forsvarsmenn þeirra sex samtaka sem starfa í landinu og kenna sig við bindindi töldu því nauðsynlegt að snúa bökum saman á ný og efla á ný samstarf sín í milli. Það var gert formlega með sérstökum samstarfssamningi um Samstarfsráð um forvarnir og undirritaður var 27. maí 2003. Samstarfsráði um forvarnir er einnig ætlað að vera sameiginlegur málsvari aðildarsamtaka sinna gagnvart stjórnvöldum þegar það á við.

Með auknu samstarfi er stefnt að aukinni virkni og áhrifum þessara samtaka á stefnumörkun í áfengis- og fíkniefnamálum og hagkvæmni í starfsemi þeirra eftir því sem kostur er, auk þess sem ætlunin er að styrkja undirstöður og grundvöll þeirra. Að samstarfsráðinu standa: Bindindissamtökin IOGT á Íslandi, Ungmennahreyfing IOGT, Barnahreyfing IOGT, Íslenskir



Forsvarsmenn þeirra sex samtaka sem starfa í landinu og kenna sig við bindindi töldu því nauðsynlegt að snúa bökum saman á ný og efla á ný samstarf sín í milli

ungtemplarar, Bindindisfélag öikumanna og Samtök skólanna um bindindisfræðslu.

Forsvarsmenn aðildarsamtaka samstarfsráðsins benda á að nýta beri krafta félagasamtaka í forvörnum eins og hægt er. Við það vinnist einkum tvennt:

- Aukið lýðræði með því að virkja fleiri til verka. Frjáls félagasamtök séu stofnuð til að virkja samtakamátt fjöldans til að vinna að tilteknum áhugamálum.

- Frjáls félagasamtök eigi á margan hátt auðveldara með að ná samstarfi við fyrirtæki en opinberir aðilar um tiltekin mál sem snerta beggja hag. Einnig er bent á fjárhagslegan ávinning hins opinbera af því að nýta krafta félagasamtaka þar sem ætla megi að fyrir hverja krónu sem hið opinbera leggi þeim til komi samtökin með aðra á móti í formi sjálfbodastarfs eða styrkja frá öðrum aðilum. □